



Skólanámskrá 2019 – 2020



II. hluti Nám og kennsla 8. bekkur

Umsjónarkennarar

Haraldur Haraldsson og Þórunn Kristjánsdóttir

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	4
LYKILHÆFNI Í 8. BEKK	4
ÍSLENSKA	5
Hæfniviðmið:.....	5
Talað mál og framsögn	5
Lestur og bókmenntir	5
Ritun	5
Málfræði	6
NÁMSMAT OG KENNSLUHÆTTIR	6
STÆRÐFRÆÐI	7
Að geta spurt og svarað með stærðfræði:.....	7
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræði:.....	7
Vinnubrögð og beiting stærðfræði:.....	8
Tölur og reikningur:	8
Algebra:	9
Rúmfræði og mælingar:.....	9
ERLEND TUNGUMÁL	10
Enska.....	10
Danska	12
NÁTTÚRUGREINAR	15
Geta til aðgerða	15
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	15
Vinnubrögð og færni	15
Ábyrgð á umhverfinu	16
Að búa á jörðinni	16
Náttúra Íslands	16
Heilbrigði umhverfisins.....	16
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	16
SAMFÉLAGSGREINAR	17

Reynsluheimur.....	17
Hugarheimur.....	18
Félagsheimur	18
SKÓLAÍÞRÓTTIR.....	19
Íþróttir	19
Sund.....	20
VINNUSTUNDIR	21
NÁMSMAT Í 8. BEKK	22

Bakgrunnsupplýsingar

Í 8. bekk eru 51 nemandi, 23 drengir og 28 stúlkur. Alls fá nemendur 31 kennslustund á viku í kjarnagreinum og velja síðan a.m.k. 6 stundir í valgreinum. Umsjónarkennarar í 8. bekk eru Haraldur Haraldsson og Þórunn Kristjánsdóttir.

Aðrir kennarar eru:

- Elva Björk Elvarsdóttir, Heiða Björg Árnadóttir og Rannveig Kristín Randversdóttir, stærðfræði
- Bryndís Garðarsdóttir, Haraldur Haraldsson og Þórunn Kristjánsdóttir, íslenska
- Fannar Sigurpálsson, enska
- Dóra Hanna Sigmarsdóttir, danska
- Þórunn Kristjánsdóttir, samfélagsfræði
- Haraldur Haraldsson, náttúrufræði
- Jón Ásgeir Þorvaldsson og Hildur María Helgadóttir, íþróttir
- Jóhanna Ingvarsdóttir og Freyr Brynjarsson, sund

Lykilhæfni í 8. bekk

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans.

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

- 1. Tjáning og miðlun.** Hlustar á aðra. Tjáir skoðanir sínar skilmerkilega. Færir rök fyrir máli sínu.
- 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Sýnir frumkvæði. Beitir gagnrýnni hugsun við vinnu og lausn verkefna. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- 3. Sjálfstæði og samvinna.** Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi og jákvæðni í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í samstarfi. Fylgir fyrirmælum.
- 4. Nýting miðla og upplýsinga.** Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum og miðlar þeim.
- 5. Ábyrgð og mat á eigin námi.** Setur sér markmið í námi. Metur stöðu sína raunhæft í námi. Nýtir tíma sinn vel.

Íslenska

Kennarar

Bryndís Garðarsdóttir, Haraldur Haraldsson og Þórunn Kristjánsdóttir.

Kennslustundafjöldi á viku:

Sex kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið:

Talað mál og framsögn

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafa tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- lesið almenna lestexta af öryggi og með góðum skilningi, lagt á þá mat og túlkað,
- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,
- gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,
- geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð,
- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Ritun

Að því skal stefnt að nemendur geti:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,
- beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gera sér grein fyrir lesanda og miða samningu við hann.

Málfræði

Að því skal stefnt að nemendur:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,
- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- notað fleg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og geri sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.

Kennsluefni/kennslugögn

- Kveikjur
- Korku saga e. Vilborgu Davíðsdóttur
- Indjáninn e. Jón Gnarr
- Málfræði t.d. Málið í mark
- Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluhættir

Fjölbreyttum kennsluháttum verður beitt. Nemendur vinna ýmist einir eða í pörum/hópum. Verkefni og kaflapróf eru valin með hliðsjón af námsefninu. Nemendur lesa mismunandi bókmenntatexta þar sem þeir nýta sér myndbönd og ítarefni til að dýpka skilning sinn á námsefninu. Nemendur vinna nokkur verkefni úr námsefninu á tölvutæku formi og nýta til þess tölvukost skólans. Nemendur þurfa einnig að taka virkan þátt í umræðum. Tvisvar á önn er hópnum skipt í þrennt og unnið í hringekju.

Heimavinna er sett fyrir reglulega. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra. Heimalestur fimm sinnum í viku er skylda.

Námsmat

Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri við lok 8. bekkjar:

8. bekkur	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
	130 orð á mínútu	180 orð á mínútu	210 orð á mínútu

Námsmat og kennsluhættir.

Námsmat verður með ýmsum hætti, unnið verður eftir hæfniviðmiðum. Lagðar verða fyrir kannanir og/eða verkefni í bókmenntum. Lestrarpróf verða lögð fyrir að venju og lesskilningsprófið Orðarún verður lagt fyrir á báðum öðrum. Nemendur þreyta próf í málfræði ásamt ýmsum öðrum fjölbreyttum verkefnum.

Stærðfræði

Kennarar

Elva Björk Elvarsdóttir, Heiða Björg Árnadóttir, Íris Lind Björnsdóttir og Rannveig K. Richter.

Kennslustundafjöldi á viku

6 kennslustundir á viku.

Markmið

Í stærðfræðinámi í Akurskóla eiga nemendur að fá tækifæri til að þroskast og dafna sem hugsandi einstaklingar og öðlast hæfni til þess að nota stærðfræði sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi bæði í námi sem og í daglegu lífi. Með fagmennsku, gleði og jákvæðni er stefnt að öflugri stærðfræðikennslu við góðar aðstæður.

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu úr Aðalnámskrá grunnskóla í stærðfræði 2013 þar sem fram kemur að nemendur þurfi að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Lögð er áhersla á að hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með aðstoð stærðfræðinnar og notað tungumál og verkfæri hennar. Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum: 1) að geta spurt og svarað með stærðfræði, 2) að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, 3) vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, 4) tölur og reikningur, 5) algebra, 6) rúmfræði og mælingar og 7) tölfræði og líkindi. Í fyrstu þremur flokkunum eru atriði sem eru stöðugt í þjálfun. Í síðustu fjórum flokkunum eru atriði sem eru metin til framvindu. Áhersla verður lögð á að stærðfræðinámi sé samfelld heild þar sem tengsl eru milli viðmiða og eðlilegur stígangi er í náminu.

Hæfniviðmið:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra.
- Fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiprautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar. Lagt mat á lausnirnar m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim.
- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.
- Fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi.
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.

- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni.
- Valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og sett fram niðurstöður sínar.

Vinnubrögð og beiting stærðfræði:

Að nemendur geti:

- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleyðir, m.a. með notkun upplýsingatækni.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni.
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst.
- Tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.
- Nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi.
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.

Tölur og reikningur:

Að nemendur geti:

- Getur notað hugareikning af öryggi og notast við slumpreiking.
- Kann reglur neikvæðra talna og getur notað þá þekkingu í reikningi.
- Getur notast við námundun og þekkir gildi tölustafanna í tölunni.
- Getur greint á milli frumtalna og samsettra talna auk þess að geta þáttað og frumþáttað.
- Veit hver röð reikniaðgerðanna er og getur notað hana í reikningi.
- Þekkir muninn á eiginlegu broti, óeiginlegu broti og blandaðri tölu.
- Getur lengt og stýtt almenn brot sem og reiknað með einföldum brotum.
- Getur breytt almennu broti í tugabrot og öfugt.
- Getur breytt almennu broti og tugabroti í prósent og öfugt sem og útskýrt sambandið milli þeirra.
- Getur reiknað með prósentum og notað prósentureikning við verkefni úr daglegu lífi.
- Getur skrifað tölur sem veldi sem og margfaldað og deilt með sama veldisstofni.
- Getur reiknað með veldum.
- Getur flokkað tölur í mismunandi talnamengi auk þess að þekkja ræðar tölur, óræðar tölur og rauntölur.
- Getur reiknað með tugveldi í verkefnum úr daglegu lífi.
- Getur reiknað með prómillum.
- Getur skrifað og reiknað með stórum og litlum tölum á staðalformi.
- Þekkir eiginleika lotubundinna tugabrota og getur breytt þeim í almenn brot.
- Getur útskýrt hvað ferningsrót af tölu er og fundið ferningsrót af tölu.
- Getur útskýrt hvað teningstala er og borið kennsl á hana.

Algebra:

Að nemendur geti:

- Getur haldið áfram með mynstur og lýst með orðum, formúlum og táknum hvernig mynstur er byggt upp.
- Getur búið til algebrustæður út frá úrlausnarefni eða verkefni úr daglegu lífi.
- Getur leyst einfaldar jöfnur.
- Getur reiknað út gildi stæðna.
- Getur notað jöfnur til að leysa verkefni úr daglegu lífi.
- Getur reiknað með bókstöfum.
- Getur sagt til um hvort tiltekinn punktur liggur á tiltekinni línu.
- Getur borið kennsl á línuleg föll og fundið formúlur þeirra út frá teikningum.
- Þekkir formúlu beinnar línu og getur lesið út hallatölu hennar og skurðpunkt við y-ás.
- Getur umritað formúlur og notað þær í reikningi.
- Getur séð hvort stærðir standa í réttu hlutfalli hvor við aðra og útskýrt hvað rétt hlutfall er.
- Getur fundið minnsta sameiginlega margfeldi stæða.

Rúmfræði og mælingar:

Að nemendur geti:

- Getur búið til gildistöflu og teiknað gröf út frá formúlu fyrir beina línu.
- Getur lýst og borið kennsl á föll.
- Getur búið til og notað töflur með raungögnum til að teikna föll í hnitakerfi.

Kennsluefni

- Skali 1A, Skali 1B, Skali 2A og Skali 3A.
- Almenn stærðfræði I, II og III.
- Ítarefni sem fylgja Skala bókunum.
- Stærðfræðiforrit af vef Námsgagnastofnunar.
- Þrautir, ljósrit og önnur verkefni.
- Myndbönd frá Gauta Eiríkssyni og fleirum af youtube.com.
- Stærðfræðismáforrit og efni í spjaldtölvu.
- Ýmiskonar stærðfræðiefni skipt upp eftir getu.

Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að nemendur þjálfri með sér leikni í að takast á við viðfangsefni þar sem lausn liggur ekki í augum uppi. Nemendur verða alltaf að reyna áður en þeir biðja um aðstoð. Nemendur eiga að sýna kennara úrlausnir sínar þrátt fyrir að niðurstaða sé röng. Leiðin að niðurstöðu dæma og þrauta er það sem hjálpar kennara við að leysa vanda nemenda og leiðréttu eða bæta við þekkingu sem hann hefur nú þegar.

Innlagnir munu að einhverju leyti fara fram í formi speglaðrar kennslu. Hvatt er til samvinnu og áhersla er lögð á að nemendur sýni aðgerðir, vandi frágang og vinni skipulega.

Heimavinna er sett fyrir reglulega. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra.

Mismunandi getu nemenda er mætt með hópaskiptingu og er það tekið fram í einstaklingsnámskrám ef um sér efni er að ræða.

Erlend tungumál

Enska

Kennarar

Fannar Sigurpálsson

Tímafjöldi

Fjórar kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok 8. bekkjar eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 2. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Hlustun

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti,
- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt,
- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,
- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundir og ferðalög.

Samskipti

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði,
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,
- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- tjáð sig um það sem við- kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval,
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,
- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda,
- sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,
- lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Menningarläsi

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor,
- sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu,
- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

Við lok 2. stigs getur nemandi:

- sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf,
- beitt lykilmálsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram,
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,
- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,
- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfléttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennslufni /kennslugögn

- Kjörbækur, The Chocolate Touch og Welcome to Deadhouse.
- Efni frá kennara, Sagnahefti og fl.
- Valdar enskar barnabækur.
- Sjónvarpsþættir á ensku og tvær kvikmyndir, Billy Elliot og Idiocracy.
- Upplestrartextar.
- Hlustunaræfningar og málfræði úr Spotlight 8.

Kennsluhættir

Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklings-, hóp- og tvenndarverkefni sem miða að því veita nemendum alhliða hæfni í ensku. Nemendur munu reglulega skrifa ritun sem kennari fer yfir. Talsverð hlustun verður tekin fyrir bæði í formi upplestrar kennara og hljóðspilun. Lesin verður ein ensk kjörbók á önn og nemendur vinna úr þeim verkefni og taka próf.

Heimavinna er sett fyrir reglulega. Hver og einn þarf að bera ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og annarra.

Danska

Kennari

Dóra Hanna Sigmarsdóttir

Kennslustundafjöldi á viku

3 kennslustundir á viku

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok 8. bekkjar eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem

samsvarar 1. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti en þeir eru: **hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.**

Hlustun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,
- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,
- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.

Lesskilningur

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,
- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðslufni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Samskipti

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,
- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt,
- endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Ritun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,
- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Menningarläsi

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,
- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri þátta menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða,
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir

Námshæfni

Við lok 1. stigs getur nemandi:

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,
- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,
- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,
- tekið þátt í hóp- og paravinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja,
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluefni /kennslugögn

- *Smart*, lesbók og valin verkefni úr vinnubók.
- Hlustunarefni
- *Klassen* – þættir um ungmenni í Danmörku

- Efni frá kennara.
- Smáforrit fyrir spjaldtölvur.

Kennsluhættir

Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklings-, hóp- og paraverkefni sem miða að því veita nemendum alhliða hæfni í dönsku. Nemendur munu skrifa ritunarverkefni sem nýta mætti í hlutverkaleikjum þar sem talmál og sköpunargleði fá að njóta sín. Hlustun verður tekin fyrir bæði í formi upplestrar, kvikmyndaáhorfi og hljóðspilun. Talað mál verður tekið sérstaklega fyrir og nemendur æfðir, bæði í upplestri tungumálsins, hlutverkaleikjum og réttum áherslum talmálsins.

Náttúrugreinar

Kennarar

Haraldur Haraldsson

Kennslustundafjöldi á viku

3 kennslustundir

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemandi geti:

- metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt
- skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað
- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins

Vinnubrögð og færni

Að nemandi geti:

- framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum
- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemandi geti:

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því
- Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta
- Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta
- Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Að nemandi geti:

- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar
- útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar

Náttúra Íslands

Að nemandi geti:

- gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum og hegðun þeirra
- útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfinu sínu
- útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum
- útskýrt hugmyndir um náttúrufal, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi

Heilbrigði umhverfisins

Að nemandi geti:

- rætt á gagnrýnninn hátt um framleiðslu, flutning og förgun efna
- sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita
- gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Að nemandi geti:

- útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns

Kennsluefni/kennslugögn

Lífheimurinn og Eðlisfræði I ásamt efni frá kennara.

Kennsluhættir

Efnistöð í 8. bekk er lífheimurinn, flokkar lífvera, atferlisfræði, varmi, veður, rafmagn, hljóð og ljós. Nemendur lesa eða hlusta á kennslubækur ýmist heima eða með kennara. Farið er yfir efnið í tímum og vísað í bækur, glærur, myndbönd og annað efni til stuðnings. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa einstaklingslega, í para- eða hópavinnu. Þannig er unnið markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér, bæði viðfangsefni og verklag í náttúrugreinum. Heimavinna er sett fyrir reglulega. Námsmat er í formi símats, verkefni, hópaverkefni, próf, gagnapróf og fleira.

Samfélagsgreinar

Kennarar

Pórunn Kristjánsdóttir

Kennslustundafjöldi á viku

3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag og saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann.

Að nemandi geti:

- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur.
- Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysigildrum í umhverfinu og náttúrunni.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.
- Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims.

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

Að nemandi geti:

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Að nemandi geti:

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.
- Sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Efnistöð í 8. bekk er saga, landafræði, sjálfsmyndin, upprifjun í trúarbragðafræði, kynvitund, lýðræðislegt samstarf og hagnýt vinnubrögð. Saga 19. aldar er tengd við atburði líðandi stundar og landafræði við búsetu og hegðun mannsins í samfélaginu. Stuðst er við kennslubækurnar Lýðræði og tækni, Um víðaveröld, jörðin, hefti um trúarbrögðin frá Menntamálastofnun auk ítarefnis frá kennara og efnis á netinu. Tækifæri til náms eru gripin þegar við á, nám í samfélagsfræði er lifandi nám.

Miðað er við að nemandi á unglíngastigi hafi snert á flestum hæfniviðmiðum 8. - 10. bekkjar.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Kennarar

Hildur María Helgadóttir og Jón Ásgeir Þorvaldsson

Kennslustundafjöldi á viku

2 kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.

Kennslufni/kennslugögn

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfímíæfingar og leiki.

Nemendum er skylt að koma með leikfímíföt (stuttbuxur og stuttermabol). Æskilegt er að nemendur komi með handklæði í hvern tíma og fari í sturtu að honum loknum. Nemendur eiga að vera í innanhúss íþróttaskóm í íþróttahúsi. Notuð eru stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi. Námsmat kemur fram að hausti og vori sem framvinda á hæfnimarkmiðum 10. bekkjar.

Þau próf sem lögð eru fyrir nemendur eru eftirfarandi á haust- og vorönn:

Þol, styrkur og snerpa:

Þolpróf, sippa, langstökk án atrennu og fitnessgrip.

Einnig gildir frumkvæði og framkoma, sjálfstæði og ábyrgð.

Við námsmat er notast við hæfniviðmið sem eru skilgreind hér að neðan:

Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta <ul style="list-style-type: none">- nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu,- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol,- sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu,
Félagslegir þættir <ul style="list-style-type: none">- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum
Heilsa og efling þekkingar <ul style="list-style-type: none">- sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa,
Öryggis- og skipulagsreglur <ul style="list-style-type: none">- tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.

Sund

Kennarar

Jóhanna Ingvarsdóttir og Freyr Brynjarsson

Kennslustundafjöldi á viku

1 kennslustund á viku

Hæfniviðmið

Að nemendur

- upplifi sund sem skemmtilega og jákvæða líkamsrækt og fái æfingar við sitt hæfi
- geti synt allar sundaðferðir
- geti bjargað sér og öðrum úr vatnsháska og læri helstu öryggisatriði sundstaða
- hafi sundiðkun að leiðarljósi til að bæta almennt líkamshreysti og þrek

Einnig er miðað við að nemendur:

- geti synt 400 m þolsund, viðstöðulaust.
- geti synt 50 m skriðsund, metið út frá tímatöku.
- geti synt 50 m baksund, metið út frá tímatöku.
- geti synt 50 m bringusund, metið út frá tímatöku.
- geti synt 25 m flugsund með eða án hjálpartækja.
- geti troðið marvaða í sitjandi stöðu.

- geti kafað 8 metra kafsund eftir hlut á botni laugar. Synda með hann til baka (ekki í kafi). Æfingin endurtekin þrisvar sinnum með eftir 10 sek. pásu milli endurtekninga.

Kennsluefni/ Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, mörk, flotkörfur, flotdýnur, prik og boltar. Einnig áhöld sem eru notuð við björgun í vatni.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Æfingar sem eiga að auka færni í öllum sundaðferðum ásamt því að auka styrk, þrek og þol nemenda. Mikil áhersla er lögð á björgun úr vatni.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi. Námsmat kemur fram að hausti og vori sem framvinda á hæfnimarkmiðum 10. bekkjar.

Vinnustundir

Kennarar

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, Fannar Sigurpálsson, Haraldur Haraldsson, Heiða Björg Árnadóttir, Kristín Þóra Möller, Rannveig Kristín Richter og Þórunn Kristjánsdóttir.

Kennslustundafjöldi á viku

2 kennslustundir

Íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði og samfélagsfræði

Nemendum á unglíngastigi er boðið upp á tvær kennslustundir á viku þar sem þeir geta leitað sér aðstoðar við nám / heimanám í ofangreindum faggreinum. Þetta er gert til að auka frelsi nemenda og ábyrgð á eigin námi sem og að koma til móts við sérþarfir nemenda.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 10. bekkjar geti:

- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum
- gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd

- sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist
- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri

Kennsluhættir

Nemandi mætir í þá faggrein/stofu sem tilgreind hefur verið og sem nemandi vill vinna að. Kennarar skrá mætingu. Nemendur vinna í eigin efni og/eða fá efni frá kennara eftir þörfum.

Námsmat í 8. bekk

Í 8. bekk er námsframvinda nemenda metin með; „*góð framvinda*“, „*hæg framvinda*“ og „*í hættu að ná ekki*“. Framvinda gefur til kynna stöðu nemenda í tilteknu fagi, tekið er mið af námsmati í einstökum verkefnum, verkefnaskilum, prófum og þátttöku.

Með *góðri framvindu* er átt við að nemandi sé að skila verkefnum, ná hæfniviðmiðum og sýna almennan góðan árangur jafnt og þétt yfir misserið.

Með *hægri framvindu* er átt við að nemandi skili verkefnum, nái lágmarks hæfniviðmiðum og sýni nokkuð góðan árangur yfir misserið.

Með *í hættu að ná ekki* er átt við að nemandi skili fáum eða engum verkefnum, nái fáum eða engum hæfniviðmiðum og þurfa að huga betur að námi sínu.

Nemendum og foreldrum er bent á að kynna sér hæfni- og matsviðmið á Mentor en þar er hægt að fylgjast með framvindu námsins.